

## Öryggisstefna Advania

### Tilgangur og umfang

Öryggisstefna Advania er grundvöllur stjórnunar upplýsingaöryggis hjá fyrirtækinu og myndar ramma fyrir alla frekari vinnu vegna stjórnunar upplýsingaöryggis.

### Ábyrgð

Öryggisráð ber ábyrgð á stefnunni.

Starfsmenn, verktakar og aðrir með stöðu þriðja aðila sem taka að sér verkefni á einn eða annan hátt fyrir Advania bera ábyrgð á að vinna í samræmi við þessa öryggisstefnu, aðrar stefnur sem byggja á þessari stefnu, verklagsreglur og önnur fyrirmæli sem tengjast öryggisstjórnun hjá Advania.

Starfsmenn Advania sem vinna hjá viðskiptavinum vinna eftir öryggisstefnu viðskiptavina sé þess óskað, svo fremur sem hún brjóti ekki gegn öryggisstefnu Advania.

Öryggisráð ber ábyrgð á að endurskoða þessa stefnu að minnsta kosti árlega, innleiða nauðsynlegar uppfærslur og tryggja framkvæmd hennar. Öryggisráð ber einnig ábyrgð á að stefnan sé sérstaklega kynnt starfsmönnum sem vinna með beinum eða óbeinum hætti við net- og upplýsingakerfi.

Öryggisráð ber að tryggja að tekið sé með samræmdum og árangursríkum hætti á stjórnun upplýsingaöryggisatvika.

Stefnan skal samþykkt með formlegum hætti af yfirstjórn og birt öllum starfsmönnum.

### Lýsing

Stefnumörkun; ímynd og orðspor

Ein verðmætasta eign sérhvers fyrirtækis er orðspor þess. Því er sérhverju fyrirtæki mikilvægt að marka sér skýra stefnu hvað varðar öryggis- og gæðamál í því skyni að standa vörð um ímynd sína og orðspor. Í tilfalli Advania hefur fyrirtækið lofað viðskiptavinum sínum að standa vörð um öryggi gagna þeirra og þess búnaðar sem þau eru rekin á.

### Öryggisstefna

- Að vera leiðandi fyrirtæki í öryggi upplýsingakerfa.
- Að gera réttar upplýsingar aðgengilegar fyrir rétta aðila með öruggum hætti.
- Að tryggja að tækninýjungar ógni ekki öryggi gagna og búnaðar.
- Að fylgja góðum viðskiptaháttum, landslögum og persónuvernd til að tryggja hagsmuni viðskiptavina.

- Að starfrækja skilvirk aðgangsröggiskerfi að húsnæði og upplýsingakerfum fyrirtækisins með það að markmiði að vernda gögn og búnað gegn rekstrartruflunum, misnotkun, þjófnaði, skemmdarverkum, glötun o.s.frv.

### Stefnumið fyrir öryggisstjórnunarkerfi Advania

1. Tilgangur stjórnunarkerfis upplýsingaöryggis hjá Advania er að tryggja öryggi upplýsinga viðskiptavina fyrirtækisins m.t.t. leyndar, réttleika og tiltækileika.
2. Advania fylgir lögum, reglum og leiðbeiningum fyrir stjórnun upplýsingaöryggis sem eru grundvöllur skipulags fyrirtækisins í öryggismálum.
3. Ábyrgð starfsmanna og verktaka Advania er skilgreind í gæða- og öryggisstjórnunarkerfi Advania og þeir eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn eyðileggingu eða tapi og gegn óheimiluðum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun og flutningi.
4. Advania stuðlar að öryggisvitund starfsmanna. Verktökum er afhent öryggishandbók þar sem fyrirkomulagi öryggismála Advania er lýst og skyldum verktaka.
5. Advania skilgreinir viðmið fyrir ásættanlega áhættu og framkvæmir a.m.k. árlega kerfisbundið áhættumat til að ákveða hvaða aðgerða er þörf.
6. Starfsmönnum og verktökum er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál Advania eða upplýsingar sem tengjast gögnum viðskiptavina í vörslu Advania
7. Rýni stjórnenda á öryggismálum fer fram að lágmarki árlega og einnig ef breytingar hafa orðið sem gefa tilefni til rýni. Þá gefur öryggisstjóri út árlega skýrslu fyrir stjórnendur varðandi hlítu Advania gagnvart öryggisstjórnunarkerfinu.
8. Stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis hjá Advania skal vera í samræmi við staðalinn ÍST ISO/IEC 27001 og vera vottað skv. því.
9. Á grundvelli þessarar stefnu mótar öryggisstjóri undirstefnur og verklagsreglur sem tryggja örugga meðferð upplýsinga hjá Advania.
10. Ef ekki er hægt að uppfylla einstaka þætti í öryggisstefnu Advania fyrir einstök kerfi eða hluta starfsemi þarf að óska eftir undanþágu sem öryggisstjóri tekur fyrir.

Samþykkt af framkvæmdastjórn 14. október 2024